

EFNISTAKA Í LANDI BJARGA Í HÖRGÁRSVEIT

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð efnistaka að Björgum muni einkum hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir þar sem um er að ræða talsvert umfangsmikið magn efnis sem fyrirhugað er að nýta á næstu 20 árum. Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif framkvæmdanna verði mest á framkvæmdatíma þegar vinnsla er í hámarki en þegar gengið hefur verið frá svæðinu eftir að efnistöku hefur verið hætt þá verði áhrifin óveruleg. Skipulagsstofnun telur að ónæði vegna foks og hávaða verði óverulegt fyrir þá sem búa í nágrenni námunnar og að þar sem um er að ræða svæði sem að mestu er ræktað tún séu neikvæð áhrif á gróður ekki veruleg.



1	INNGANGUR.....	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar	3
1.2	Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar	3
2	FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ	3
3	NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	4
3.1	Áhrif á menn og samfélag	4
3.1.1	Sjónræn áhrif og áhrif á landslag	4
3.1.2	Áhrif á samfélag og landnotkun	5
3.2	Áhrif á menningarminjar	6
3.3	Áhrif á jarðmyndanir	6
3.4	Áhrif á gróður og fugla	7
3.4.1	Áhrif á gróður	7
3.4.2	Áhrif á fugla	7
3.5	Staða skipulags og leyfisveitinga	8
4	NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR.....	8

Skipulags
stofnun

1 INNGANGUR

1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 12. apríl 2013 sendi UMÍS ehf. frummatsskýrslu, f.h. GV Grafa ehf., um efnistöku í landi Bjarga í Hörgársveit til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 22. apríl 2013 í Lögbirtingablaðinu og Fréttablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 22. apríl til 3. júní 2013 á skrifstofu Hörgársveitar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.umis.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Hörgársveitar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Á kynningartíma barst Skipulagsstofnun engin athugasemd. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar jafnóðum til framkvæmdaraðila.

Þann 19. júní 2013 sendi UMÍS ehf. matsskýrslu, f.h. GV Grafa ehf. um efnistöku í landi Bjarga í Hörgársveit til Skipulagsstofnunar og óskað eftir áliti stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Við undirbúning þessa álits var farið á vettvang á fyrirhugað framkvæmdasvæði.

1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Frummatsskýrsla. Björg, Hörgársveit, efnistaka. Apríl 2013.

Umsagnir bárust frá:

- Hörgársveit með bréfi dags. 17. maí 2013.
- Fiskistofu með bréfi dags. 7. maí 2013.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 15. maí 2013.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 15. maí 2013.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 29. apríl 2013.

Engin athugasemd barst á kynningartíma.

Matsskýrsla: Björg, Hörgársveit, efnistaka. Júní 2013.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að efnistaka hafi verið um árabíl í landi Bjarga í Hörgársveit norðan Hörgár, litlu sunnan við Möðruvelli í Hörgárdal, um 14 km norðan við Akureyri. Áætlað sé að raskað land vegna efnistökkunnar sé um 12 ha og sé nú þegar búið að taka um 800.000 m³ á svæðinu. Efnið hafi verið unnið úr víðáttumiklum malarhjöllum sem hafi myndast þegar jökull úr Hörgárdal hafi gengið í sjó fram við hærri sjávarstöðu í lok ísaldar og mól og sandur hafi borist út í Eyjafjörð með jökulám. Áætlað heildarefnismagn í námunni sé um 3 milljónir m³, sem þýði að vinnanlegt efni úr henni gæti verið 2,2 milljónir m³ til viðbótar við það sem nú þegar sé búið að taka. Áætlað sé að raska þurfi um 20 ha lands til viðbótar og að efnistöku verði haldið áfram næstu 20 árin í þeim tilgangi að mæta efnisþörf á Eyjafjarðarsvæðinu og þá einkum á Akureyri.

Fram kemur að fyrirhuguðu og núverandi efnistökusvæði megi skipta í tvö svæði; malarnámssvæði A og malarnámssvæði B. Efni hafi verið unnið úr 2 námum á malarnámssvæði A, námu 1 sem staðsett sé nærri bökkum Hörgár við Ólafsfjarðarveg (82) og námu 2 sem staðsett sé ofar í landinu við Hörgárdalsveg (815). Með efnistökkunni sé verið að

fullvinna efni á því svæði sem náman nái nú þegar yfir, en búið sé að raska alls 4,6 ha í námu 1, og 7,2 ha í námu 2. Því til viðbótar sé gert ráð fyrir að fullvinna alls 13,3 ha á malarnámssvæði A. Þegar svæði A verði fullunnið sé gert ráð fyrir efnistöku á malarnámssvæði B, eftir árið 2020, á rúmlega 7 ha svæði. Gert sé ráð fyrir að um 2,2 milljónir m³ af efni verði unnir úr námunni á næstu 20 árum, að jafnaði niður á 10 metra dýpi.

Fram kemur að ef gert sé ráð fyrir að flutningsgeta vörubíls sé að meðaltali um 12 m³, þá megi reikna með um 183.000 ferðum frá svæðinu á 20 ára tímabili, miðað við ofangreint efnismagn. Ef miðað sé við 20 vinnudaga á mánuði allt tímabilið, þá megi gera ráð fyrir 38 ferðum á dag frá svæðinu og öðrum eins fjölda ferða til baka. Því megi gera ráð fyrir að hámarksfjöldi ferða verði 76 á dag.

Fram kemur að lögð sé áhersla á að náman verði fullnýtt á hverju svæði og að farið verði í frágang strax að efnistöku lokinni á því svæði. Fram kemur að eðlilegt sé að byrjað verði á að fullvinna efni á námasvæði A1 og hefja frágang þess áður en klárað sé að fullvinna efni á svæði A2. Þegar efnistöku verði lokið á malarnámssvæði A hefjist efnistaka á malarnámssvæði B samhliða endanlegum frágangi á svæði A. Þar sem vinnslutími hvers svæðis verði á bilinu 5-7 ár sé áætlað að einungis þurfi að geyma ofanafmökstur í skamman tíma og að hann verði notaður jafnóðum við frágang næsta svæðis á undan.

3 – NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

3.1 VÆGISEINKUNNIR

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila hefur verið lagt mat á áhrif framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti. Skipulagsstofnun gaf út leiðbeiningar árið 2005 um flokkun umhverfisþátta, viðmið einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Þar er greint frá vægi áhrifa með vægiseinkunnum, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg, síðar talsvert jákvæð og að lokum eru mestu jákvæðu áhrifin metin sem verulega jákvæð. Í þessu áliti notar Skipulagsstofnun að mestu leiti vægi áhrifa með vægiseinkunnum á sama hátt og gert er í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar frá 2005 sem uppfærðar voru 2012, um flokkun umhverfisþátta, viðmið einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Stofnunin vinnur að endurskoðun þessara leiðbeininga og í ljósi reynslunnar telur stofnunin að í mörgum tilfellum þurfi að lýsa vægi áhrifa með vægiseinkun sem stofnunin kallar nokkuð neikvæð eða nokkuð jákvæð sem væri þá millstig á milli talsvert neikvæðra/jákvæðra áhrifa og óverulegra áhrifa. Hér væri þá yfirleitt um að ræða staðbundin áhrif sem næðu ekki yfir umfangsmikið svæði og áhrifasvæðið nyti ekki verndar eða væri á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum, en áhrifin gætu verið varanleg og óafturkræf. Skipulagsstofnun notar hér hugtakið nokkuð neikvæð við mat á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á umhverfið.

3.2 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

3.2.1 Sjónræn áhrif og áhrif á landslag

Samkvæmt matsskýrslu mun fyrirhuguð áfangaskipting efnistöku úr námunni lágmarka sjónræn áhrif eins og kostur er, þar sem einungis hluti námunnar verði opin á hverjum tíma. Þegar sá hluti hafi verið fullnýttur sé unnið að frágangi þess svæðis samhliða opnun næsta hluta námunnar. Nú þegar hafi verið komið fyrir jarðvegsmön við Ólafsfjarðarveg sem komi í veg fyrir fok og takmarki sýnileika námunnar frá veginum. Jarðvegsmannir sem myndist við niðurgröft á rekstartíma verði jafnaðar út að efnistöku lokinni til að skapa landslagsheild sem myndi flatlendi frá bökkum Hörgár að nyrðri enda efnistökkunnar. Þá verði skilin eftir

landræma við Hörgá sem takmarki sýnileika frá Hringvegi og að efnistöku lokinni verði hún mótuð þannig að um verði að ræða bakka sem sé vel mótaður að landslagi í nágrenninu.

Umhverfisstofnun benti í umsögn sinni á að með góðri aðlögun að landi að lokinni efnistöku og frágangi samhliða vinnslu ætti að vera hægt að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum og áhrifum á landslag.

Í matsskýrslu kemur fram að framkvæmdasvæðinu hafi þegar verið raskað og séu áhrif framkvæmda bein, neikvæð og varanleg á landslag og sjónræna þætti. Framkvæmdir standi yfir í tiltölulega stuttan tíma, taki til lítils svæðis og séu í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða sé það mat framkvæmdaraðila að heildaráhrif framkvæmda á landslag og sjónræna þætti verði óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif framkvæmdanna verði mest á framkvæmdatíma þegar vinnsla er í hámarki en þegar gengið hefur verið frá svæðinu eftir að efnistöku hefur verið hætt þá verði neikvæð áhrif óveruleg. Sama er að segja um áhrif framkvæmdanna á landslag en þegar gengið hefur verið frá svæðinu eftir að efnistöku er lokið mun landslag að mestu leyti verða sambærilegt og það var áður en efnistaka hófst.

3.2.2 Áhrif á samfélag og landnotkun

Í matsskýrslu kemur fram að í efnisvinnslu af því tagi sem fyrirhuguð sé á Björgum og staðsetning námunnar, hafi einkum hugsanleg áhrif á ábúendur næstu jarða en einnig geti veiðimenn við Hörgá orðið fyrir áhrifum sem felist í truflun á upplifun. Neikvæð áhrif felist einkum í ónæði af völdum umferðar flutningabíla og hávaða vegna hörpunar efnis. Þegar efni verði unnið á malarnámssvæði A séu næstu bæir Tréstaðir, Björg og Djúpárakki en mest verði nálægð efnistökusvæðis við bæinn Björg þegar unnið verði á malarnámssvæði B eftir árið 2020. Landeigendur á aðliggjandi jörðum séu sammála framkvæmdaraðila um að líttill hávaði sé af völdum núverandi efnistöku heima við bæi en heyra megi óm frá starfseminni á nálægum túnum.

Fram kemur að vegtenging vegna efnistökkunnar kalli á breikkun Ólafsfjarðarvegar til að koma í veg fyrir að umferð á leið norður sem beygi til vinstri inn á efnistökusvæðið, hindri aðra umferð. Í vinnsluáætlun sé gert ráð fyrir að á sérstaklega umferðarþungum dögum verði efnisflutningum haldið í lágmarki eins og kostur sé.

Fram kemur að vestan og suðvestanáttir séu líklegastar til að valda foki af svæðinu. Landeigandi telji að ekki hafi orðið vart við fok úr námunni fram til þessa og engar kvartanir hafi borist vegna þess. Efnisflutningar fari um vegi með bundnu slitlagi, vegslóði af Ólafsfjarðarvegi inn í námuna sé um 10 m. Efnisflutningar hafi verið lagðir niður tímabundið í nokkrum tilfellum vegna foks efna af flutningabílum á leið inn Kræklingahlíð þegar mjög sterk vestan eða suðvestanátt hafi verið ríkjandi. Ekki hafi orðið vart við fok efna yfir Ólafsfjarðarveg úr námunni.

Í matsskýrslu kemur fram að veiðistaðirnir Bjargakíll og Brúarhylur í Hörgá séu í nágrenni við efnistökusvæðið. Neikvæð áhrif á veiðimenn séu líkleg til að felast í truflun á upplifun vegna hávaða úr námunni þegar efni sé unnið næst veiðistöðunum, en einkum vegna umferðar malarflutningabíla um Ólafsfjarðarveg og Hörgárbrú. Ólíklegt sé talið að efnistakan hafi áhrif á búsvæði og göngur laxfiska upp ána.

Fram kemur að til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif vegna efnistökkunnar séu lagðar til eftirfarandi ráðstafanir og mótvægisáðgerðir:

- Ofanafmokstri verði komið fyrir í jarðvegsmönnum og í botni námunnar til að minnka hættu á foki fínafna frá framkvæmdasvæði og draga úr hávaðamengun.

- Landræma verði skilin eftir við Hörgá til að koma í veg fyrir að hún breyti farvegi sínum og flæði yfir framkvæmdasvæðið að framkvæmdum loknum. Slíkt lágmarki áhrif á veiðimenn og komi í veg fyrir áhrif á lífríki árinna.
- Efnistaka næst veiðistöðum í ánni fari fram utan veiðitíma.
- Gert sé ráð fyrir að efnisvinnsla og flutningar séu í lágmarki utan dagvinnutíma og á lögbundum frídögum.
- Þegar unnið verði að efnistöku í nágrenni veiðistaða verði höfð jarðvegsmön við ána nær allan tímann.

Áhrif á samfélag séu talin tímabundin, staðbundin og afturkræf. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða sé það mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á samfélag og landnotkun verði óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif af völdum ónæðis vegna hávaða eða foks verði óveruleg fyrir þá sem búa í nágrenni námunnar og veiðimenn sem stundi veiðar í Hörgá. Áhrif á umferð kunna að vera nokkur á álagstímum en séu ávallt tímabundin.

3.3 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í matsskýrslu kemur fram að fornleifar hafi verið skráðar árið 2008 í Arnarneshreppi. Samkvæmt þeirri skráningu sé Róðukot (EY-098:007), þúst eða býli, í nágrenni framkvæmdasvæðis, sunnan undir Bjargamelum. Engar skráðar fornleifar sé að finna innan framkvæmda- og áhrifasvæðis efnistökkunnar. Minjasvæðið sé ekki friðlýst en hafi hátt verndargildi. Við nákvæma kortlagningu minjasvæðis þar sem í ljós kom að framkvæmdasvæðið náði inn á minjasvæðið, var fyrirhuguðum mörkum efnistökusvæðis breytt með það að markmiði að forðast röskun á minjunum. Mun efnistöku í nágrenni minjasvæðis og umgengni allri háttað í samræmi við það. Minjasvæðið verði merkt á nokkuð áberandi hátt tímabundið til að forðast rask t.d. vegna umferðar um svæðið. Framkvæmda- og áhrifasvæði framkvæmda sé með nýrri útfærslu í 20 m fjarlægð frá minjasvæðinu. Með hliðsjón af ofangreindum viðmiðum og að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, sé það mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar verði óveruleg.

Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu efnistökusvæði að Björgum II og um áhrif efnistökkunnar á fornleifar. Stofnunin telur þær mótvægisáðgerðir sem boðaðar eru í frummatsskýrslu vegna fornleifa fullnægjandi.

Skipulagsstofnun telur að með þeirri tilhögun sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram vegna fornleifa í grennd við framkvæmdasvæðið sé ekki líkur á neikvæðum áhrifum á þær.

3.4 ÁHRIF Á JARÐMYNDANIR

Í matsskýrslu kemur fram að jarðfræði svæðisins skipti miklu máli fyrir efnistökkuna, m.t.t. hagnýtra efna. Reynslan sýni að á svæðinu sé mikið af hentugu efni, m.a. fyllingarefni og efni unnið á staðnum til ýmissa nota, s.s. í burðarlög og drenlagnir.

Fram kemur að jöklar ísaldar hafi verið mikilvirkastir við að mynda og móta landslag í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Dalbotn Hörgárdals sé þakinn áreyrum og hafi Hörgá flæmst um eyrarnar og grafið sér nýja farvegi eftir því sem þeir gömlu fylltust. Efnistaka sé fyrirhuguð úr víðáttumiklum malarhjöllum. Hér hafi jökullinn staðið kyrr um tíma og utan við jaðar hans hafi jökulár hlaðið fram efnismiklum óshólmum eða hálfgerðum jökulársöndum í sjó fram. Malarhjallar sem þessir sem séu nokkuð algengir um allt land. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um möguleg efnistökusvæði á Eyjafjarðarsvæðinu sé fjallað um þetta svæði sem mögulegan framtíðarefnistökkustað, þar sem jarðfræði svæðisins þyki hentug til efnistöku og efnið gott.

Fram kemur að engin svæði á Náttúruvinjaskrá eða Náttúruverndaráætlun sé að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun komi fram að æskilegt sé að efnistökusvæði séu skipulögð á fáum og afmörkuðum svæðum þar sem fáar og stórar námur hafi minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar. Þá segi í sömu skýrslu að forgangsmál sé að vernda landslag og sérstæð fyrirbæri sem séu óvenjuleg í okkar heimshluta og einkennandi fyrir landið. Námuvinnsla fari þegar fram á Björgum og því sé ekki um að ræða óraskað svæði, auk þess sem svæðið teljist ekki til sérstæðra fyrirbæra. Áframhaldandi vinnsla stuðli að því að nám jarðefna fari fram á stærri og færri stöðum.

Fram kemur að áhrif á jarðmyndanir séu talin bein og óafturkræf, en þau séu staðbundin og gangi ekki gegn stefnumörkun stjórnvalda. Verndargildið teljist lítið þar sem ekki fari forgörðum jarðmyndanir sem þykja sérstæðar eða einstakar á landsvísu. Áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir séu metin óveruleg.

Skipulagsstofnun er sammála mati framkvæmdaraðila um að áhrif á jarðmyndanir verði bein og óafturkræf en staðbundin og að ekki verði gengið á jarðmyndanir sem njóti sérstakrar verndar. Engu að síður telur Skipulagsstofnun áhrifin nokkuð neikvæð í ljósi umfangs efnistökkunnar.

3.5 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG FUGLA

3.5.1 Áhrif á gróður

Í matskýrslu kemur fram að stærsti hluti efnistökusvæðisins sé gamalt tún og hafi verið ræktað land í u.þ.b. 50 ár. Á þeim hluta svæðisins sem og á melnum sé hvorki að finna tegundir sem séu friðaðar né á valista. Efnistakan muni hafa áhrif á þau plöntusamfélög sem séu á svæðinu en gert sé ráð fyrir að samhliða og að lokinni efnistöku verði svæðið ræktað upp að nýju með sambærilegum tegundum og fyrir voru. Gert sé ráð fyrir að melurinn verði ræktaður á sama hátt og aðrir hlutar á svæðinu. Við framkvæmdir verði raski gróðurlendis haldið í lágmarki og þar sem efnistöku í námunni sé skipt niður eftir tímabilum, verði einungis hluti svæðisins opinn í einu og unnið að frágangi fullnýttra svæða samhliða opnun nýrra.

Fram kemur að áhrif á gróðurfar séu talin bein og neikvæð, en þau séu staðbundin, tímabundin og afturkræf. Verndargildið teljist lítið þar sem ekki raskist gróður sem þyki sérstætt eða einstakt á svæðis- eða landsvísu. Áhrif framkvæmdar á gróðurfar séu því metin óveruleg.

3.5.2 Áhrif á fugla

Í matskýrslu kemur fram að efnistaka geti haft bein neikvæð áhrif á búsvæði fugla. Þau búsvæði þar sem efnistaka sé fyrirhuguð í þessu tilfalli, eru ekki sjaldgæf á svæðis- eða landsvísu. Fuglalíf teljist ekki fjölbreytilegt og sambærilegt gróðurlendi sé að finna á stórum svæðum í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Ekki sé vitað til að nokkur tegund á valista verpi innan framkvæmdasvæðis. Hljóðmengun frá efnistökusvæðum geti fælt fugla frá tímabundið meðan vinnsla standi yfir. Bein áhrif efnistökkunnar á fuglalíf séu því takmörkuð að umfangi. Áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fuglalíf séu neikvæð, staðbundin, tímabundin og afturkræf og því metin óveruleg.

Skipulagsstofnun tekur undir mat framkvæmdaraðila og telur að efnistakan muni hafa í för með sér óveruleg neikvæð áhrif á gróður og fugla. Áhrifin séu bundin við afmarkað svæði á vinnslutíma námunnar en að lokinni námuvinnslu og frágangi séu líkur til að gróður og fuglar muni ná sömu stöðu og áður en vinnsla hófst.

3.6 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna framkvæmdarinnar bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir efnistöku í landi Bjarga í Aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017.
- Gera þarf grein fyrir efnistöku í nýju aðalskipulagi Hörgársveitar.
- Samþykkt deiliskipulag og umhverfisskýrsla þess þarf að liggja fyrir.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hörgársveitar skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012.
- Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu GV grafa ehf. sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla GV grafa ehf. byggði á auglýstri frummatsskýrslu og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu GV grafa ehf. til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla GV grafa ehf. hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif framkvæmdanna verða mest á framkvæmdatíma þegar vinnsla er í hámarki en þegar gengið hefur verið frá svæðinu eftir að efnistöku hefur verið hætt þá verði neikvæð áhrif óveruleg. Sama er að segja um áhrif framkvæmdanna á landslag. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif af völdum ónæðis vegna hávaða eða foks verði óveruleg fyrir þá sem búa í nágrenni námunnar. Áhrif á umferð kunní að vera nokkur á álagstímum en sé ávallt tímabundin. Skipulagsstofnun telur ekki líkur á neikvæðum áhrifum á fornleifar og er sammála mati framkvæmdaraðila um að áhrif á jarðmyndanir verði bein og óafturkræf en staðbundin og að ekki verði gengið á jarðmyndanir sem njóti sérstakrar verndar. Með tilliti til umfangs efnistökkunnar verða áhrifin þó nokkuð neikvæð að mati stofnunarinnar. Skipulagsstofnun tekur undir mat framkvæmdaraðila og telur að efnistakan muni hafa í för með sér óveruleg neikvæð áhrif á gróður og fugla. Áhrifin séu bundin við afmarkað svæði á vinnslutíma námunnar en að lokinni námuvinnslu og frágangi séu líkur til að gróður og fuglar muni ná sömu stöðu og áður en vinnsla hófst.

Reykjavík, 2. ágúst 2013.

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson